

Níundi fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

Haldinn mánudaginn 16. desember 2013 kl. 10:30 á
bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Drífa ritaði fundargerðina.

1. Fundargerð Héraðsnefndar frá 17. og 18. október 2013.

Nokkrum atriðum var vísað til framkvæmdastjórnarinnar.

- **Formaður framkvæmdastjórnarinnar hefur þegar sent eftirfarandi bókun Héraðsnefndarinnar til fjármála- og menntamálaráðherra:**

Héraðsnefnd Árneseinga mótmælir harðlega þeirri áherslu sem kemur fram í frumvarpi að fjárlögum 2014 með því að ekkert fjármagn sé sett í uppbyggingu verknámshúss við Fjölbrotarskóla Suðurlands.

Héraðsnefndin bendir á að með þessu er unnið í fullkominni mótsögn við það sem segir í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands. Þar segir í kafla um mennta og menningarmál:

„Ríkisstjórn leggur ríka áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjófðarinnar allrar. Auka þarf áherslu á nám í iðn, verk, hönnunar og listgreinum og efla tengsl þessarar námsgreina við atvinnulífið.“

Með þetta að leiðarljósi telur Héraðsnefnd Árneseinga fráleitt að skera niður fjárveitingar til stækkunar á verknámshúsi FSU. Héraðsnefnd bendir á að hönnunarsamkeppni um húsið hefur farið fram og skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu um verkefnið. Héraðsnefndin hvetur Alþingi til að endurskoða frumvarpið og að settir verði fjármunir í verkefnið þannig að framgangur þess sé tryggður í samstarfi við sveitarfélögin sem hlut eiga að máli.

- **Hjúkrunarrými.** Framkvæmdastjórn var falið af Héraðsnefndinni að leggja línur varðandi áframhaldandi vinnu starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma.
 - Mikil ánægja er með vinnu og skýrslu starfshópsins sem skilað var í lok september. Umræða fór fram um hvað eigi að leggja áherslu á í áframhaldandi vinnu starfshópsins.
 - Framkvæmdastjórn var sammála um að leggja þyrfti áherslu á innra starf hjúkrunarheimila og að ekki ætti að gera ýrtru kröfur um stærð húsnæðis þ.e. 35 fermetrar á einstakling á hvert rými. Starfshópurinn er hvattur til að gera tillögur um hæfilegt rými á hvern íbúa hjúkrunarheimila og að skoða innra starf heimilanna. Mikilvægt sé að hjúkrunarheimili hafi heimilislegt yfirbragð en hafi ekki yfirbragð geymslustaðar eða biðstöðvar.
 - Samþykkt var að óska eftir því við framkvæmdastjóra Árbogar, Ástu Stefánsdóttur, að hún leiði vinnu starfshópsins áfram. Áhersla verði lögð á að vinna áætlun um þjónustuþörf næstu 10 ár. Starfshópurinn geri jafnframt tillögu um hvernig þjónustuþörfinni verði mætt. Starfshópurinn nýti sér reynslu og þekkingu fagfólks í héraði í vinnu sinni.

2. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins.** Sveinn sagði frá því að fagraðið hefði augastað á hagstæðu húsnæði og að mikilvægt væri að athuga það betur. Verðmat á húsnæðinu virðist hagstætt. Lagt er til að Þorsteinn fari og skoði húsnæðið og athugi hvort það henti Héraðsskjalasafninu. Hugsanlega megi gera tilboð í húsnæðið þótt það losni ekki fyrir en eftir nokkur ár. Ari tók að sér að ræða við forsvarsmann hússins og athuga hvort fyrir liggi hugmyndir um sölu innan einhverra ára og hvort e.t.v. sé mögulegt að festa húsnæðið og verð þess þótt afhending verði síðar.
3. **Heimasíða Héraðsnefndar Árnesinga b.s.** Þorsteinn sendi bréf í lok október til framkvæmdastjórnarinnar varðandi heimasíðu Héraðsnefndarinnar og óskaði eftir greiðslu fyrir vinnu sem þegar hefur verið greidd af Héraðsskjalasafninu. Samþykkt var að framlagður kostnaður verði greiddur og að óskað verði eftir tillögu um kostnað vegna vinnu við uppfærslu á heimasíðunni.
4. **Fjölbrautarskóli Suðurlands nýbygging verknámshúss.** Allt útlit er fyrir að ríkisstjórnin leggi til 100 milljónir fyrir árið 2014. Mikilvægt er að það gangi eftir og að fram komi viljayfirlýsing frá ríkisstjórninni um framkvæmdafé til næstu ára.
5. **Önnur mál:**
 - Umræður fóru fram um kostnað við nefndarvinnu vegna starfshópa og hvort ekki þurfi að greiða aðilum fyrir vinnu í starfshópi einkum ef hann er ekki launaður starfsmaður sveitarfélags. Framkvæmdastjórnin var sammála um að nauðsynlegt sé að skoða þetta nánar.
 - Rangárþing eystra hefur lagt inn fyrirspurn til Héraðsskjalasafnsins og óskað eftir að fá að aðganga að myndasafni Ottós Eyfjörð án þess að greiða fyrir hverja mynd (Ottó var Rangæingur og tók mikið af myndum). Þorsteini er falið að gera tillögu um aðkomu Rangárþings eystra að myndasafni Ottós Eyfjörð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir